

**1. fundur bæjarstjórnar unga fólksins  
haldinn í bæjarstjórnarsal, miðvikudaginn 8. maí 2024  
og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Heiðrún Edda Pálsdóttir, Hera Guðrún Ragnarsdóttir, Valdís María Eggertsdóttir, Ágústa Arnþórsdóttir, Hjalti Jóhann Helgason, Íris Ísafold Sigurbjartsdóttir, Magnús I. Bæringsson og Jakob Björgvin Jakobsson.

**Fundargerð ritaði:** Magnús Ingi Bæringsson,

**Dagskrá:**

**1. Húsnæðismál félagsmiðstöðvarinnar - 2405006**

Húsnæðismál félagsmiðstöðvarinnar teknar til umfjöllunar.

*Bæjarstjórn unga fólksins hvetur bæjarstjórn Stykkishólms til að leggja áherslu á að tryggja félagsmiðstöð betra húsnæði fyrir starfseminna næsta vetur.*

*Til máls tóku: Heiðrún Edda Pálsdóttir & Ragnar Ingi Sigurðsson*

**2. Umhverfismál - 2405007**

Nefndarmenn kynna tillögur að leiðum til að bæta umhverfi og ásýnd sveitarfélagsins, t.d. með bættri götulýsingu og auknum sorptunnum.

*Bæjarstjórn unga fólksins hvetur bæjarstjórn til að fjölga ljósastaurum samkvæmt fyrirliggjandi korti. Bæjarstjórn unga fólksins hvetur einnig bæjarstjórn til að skoða framlagaða tillögu um staðsetningu ruslatunna með möguleika á fjölgun með tvískiptum tunnum.*

*Til máls tóku: Íris Ísafold Sigurbjartsdóttir & Haukur Garðarsson.*

**3. Skólamál - 2405008**

Mikilvægi öflugs félagslífs í fjölbrautarskólum tekið til umræðu ásamt mótuneytismálum og fleiru.

*Bæjarstjórn unga fólksins hvetur bæjarstjórn Stykkishólms til að beita sér fyrir því að sveitarfélög á Snæfellsnesi taki samtalið um aðkomu sveitarfélagna á Snæfellsnesi að eflingu félagslífs FSN. Bæjarstjórn unga fólksins hvetur einnig bæjarstjórn til að beita sér fyrir lækkun á verði máltíða til nemenda í FSN.*

*Til máls tóku: Valdís María Eggertsdóttir, Þórhildur Eypórsdóttir & Heiðrún Höskuldsdóttir.*

**4. Lýðræðisþing Grunnskólans í Stykkishólmi - 2405009**

Fulltrúar Grunnskólans í Stykkishólmi gera grein fyrir niðurstöðum lýðræðisþings GSS sem fram fór þann 15. apríl síðastliðinn.

1. fundur bæjarstjórnar unga fólksins  
10.05.2024

*Bæjarstjórn unga fólksins leggur áherslu á að leitað verði leiða til að auka afþreyingu í grunnskólanum. Bæjarstjórn unga fólksins leggur áherslu á að gæði hádegisverða í GSS verði tekin til skoðunar. Bæjarstjórn unga fólksins leggur einnig áherslu á að kennsla verði fjölbreyttari með áherslu á verklega kennslu. Þá hvetur bæjarstjórn unga fólksins einnig til aukins samstarfs um félagslíf milli grunnskólana á Snæfellsnesi.*

*Til máls tóku: Ágústa Arnþórsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir & Ragnar Már Ragnarsson.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:47**

---

Heiðrún Edda Pálsdóttir

---

Hera Guðrún Ragnarsdóttir

---

Valdís María Eggertsdóttir

---

Ágústa Arnþórsdóttir

---

Hjalti Jóhann Helgason

---

Íris Ísafold Sigurbjartsdóttir

---

Magnús I. Bæringsson

---

Jakob Björgvin Jakobsson